

Ed.

183. L Ö G

um kaup á eimskipi til vöruflutninga milli Íslands og útlanda.

(Afgreidd frá Ed. 12. janúar).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa eimskip eftir þörfum til vöruflutninga milli Íslands og útlanda, og taka lán í því skyni, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Öll útgjöld til útgerðar skipanna skal veita í fjárlögunum eða fjárukalögum, enda renni allar tekjur þeirra í landssjóð.

3. gr.

Landsstjórnin ræður farstjórn skipanna, og annast farstjórnin ráðningu yfirmanna þeirra og útvegar afgreiðslumenn á þeim höfnum, er þau koma á.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður farmgjöld eftir tillögum farstjórnar.

5. gr.

Farstjórnin skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipanna og rita hann í bók, er landsstjórnin löggildir til þess. Fyrir marsmánaðarlok ár hvert skal farstjórnin hafa sent landsstjórninni nákvæma reikninga, með fylgiskjölum, fyrir næstliðið almanaksár, og sýni hann glögglega allan fjárhag skipaútgerðarinnar. Reikningar þessir skulu endurskoðaðir á skrifstofu þeirri í ráðuneyti Íslands, er samgöngumálin heyra undir. Úrskurðar landsstjórnin reikningana.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.